

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 19. febrúar 2020

7. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX

TUDOR

TAG Heuer

LONGINES

NOMOS
GLASHÜTTE

TISSOT



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Gjörbreytt staða stóriðjunnar

Nýir raforkusamningar hafa gjörbreytt stöðu íslenskrar stóriðju. Forstjóri Landsvirkjunar segir traustar ábyrgðir fyrir greiðslum frá álverinu í Straumsvík. Forstjóri Elkem á Íslandi segir óljóst hvað taki við þegar samningurinn við Landsvirkjun rennur út árið 2029. »6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



»2

Enn á ný verður stokkað upp í stjórn VÍS

Þrjár nýir gætu komið inn í stjórn félagsins en Gestur og Svanhildur gefa ekki kost á sér. Meðal þeirra sem sækjast eftir stjórnarsæti eru Benedikt Ólafsson og Auður Björk Guðmundsdóttir. Miklar breytingar hafa orðið á hluthafahópnum.

»4

Margir lagt allt undir til að standa í rekstrinum

Tryggingar ferðaskrifstofa hafa hækkað töluvert vegna nýlegra laga. Heildarfjárhæðin aukist um þrjá milljarða. Kallað eftir samstarfi ríkis og ferðaþjónustunnar um stofnun sjóðs.

»10

Fáránlegt ástand

„Það er ekki eðlilegt ástand að litil fyrirtæki í leit að lánsfjármagni komi alls staðar að lokuðum dyrum og það er ekki lögmál að það sama gildi um ríkisrekna banka og einkarekna í því tilliti,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF, í aðsendri grein.

Leica EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65% stærra lessvæði

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Svanhildur Nanna og Kristín vilja í stjórn Sýnar

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, fjárfestir og áður einn stærsti hluthafi VÍS, og Kristín Þorsteinsdóttir, fyrrverandi ritstjóri og útgefandi Fréttablaðsins, eru á meðal þeirra sem sækjast nú eftir því að komast í stjórn fjarskiptafélagsins Sýnar. Talið er að mögulega muni þrír nýir stjórnarmenn taka sæti í stjórn félagsins þegar aðalfundur fer fram 20. mars næstkomandi.

Svanhildur kom fyrst inn í hluthafahóp Sýnar í byrjun þessa árs en félagið K2B fjárfestingar, sem er í eigu hennar og Guðmundar Þórðarsonar, fer með 1,6 prósentu hlut í félaginu. Að baki framboði Svanhildar í stjórn Sýnar standa einnig meðal annars fjárfestar sem eiga eignarhaldsfélagið Óskabein og fara með tæplega fimm prósentu hlut í fjarskiptafyrirtækinu í gegnum framvirka samninga.

Þeir sem ráða för í Óskabeini eru viðskiptafélagarnir Andri Gunnarsson og Fannar Ólafsson, sem eru meðal annars í hópi eigenda að Keahótelum, Gestur Breiðfjörð Gestsson, fráfarandi stjórnarmaður í VÍS og eigandi Sparnaðar, og Engilbert Hafsteinsson, fjárfestir og fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá WOW air.

Þá hefur Kristín einnig skilað inn framboði til stjórnar félagsins til tilnefningarnefndar en hún hefur að undanfögnu, samkvæmt heimildum Markaðarins, leitað til sumra af stærstu hlutum Sýnar

um stuðning.

Tveir varamenn tóku sæti í stjórn Sýnar á liðnu ári samhliða því að Heiðar Guðjónsson, sem þá var stjórnarformaður, tók við starfi forstjóra Sýnar í aprílmánuði og undir lok síðasta árs var Yngvi Halldórsson ráðinn framkvæmdastjóri rekstrarsviðs félagsins og sagði sig þá um leið úr stjórn fyrirtækisins.

Samkvæmt heimildum Markaðarins þykir fullvíst að Hjørleifur Pálsson, stjórnarformaður Sýnar, og Tanya Zharov, aðstoðarforstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, verði áfram í stjórn félagsins. Óvíst er hins vegar hvort aðrir stjórnarmenn, meðal annars Anna Guðný Aradóttir, sem hefur verið í stjórn frá árinu 2012, muni njóta stuðnings til áframhaldandi stjórnarsetu.

Stærstu hluthafar Sýnar eru Gildi, Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Ursur, fjárfestingafélag Heiðars Guðjónssonar. Breski vogunarsjóðurinn

Lansdowne var fyrir aðeins fáum mánuðum stærsti hluthafi félagsins með liðlega fjórtán prósentu hlut en sjóðurinn hefur á skömmum tíma selt nær allan hlut sinn og fer í dag með aðeins um 3,7 prósentu hlut.

Markaðsvirði Sýnar er í dag um 10,7 milljarðar króna og hefur hlutabréfaverð félagsins hækkað um nærri 28 prósent á síðustu þremur mánuðum. – hae

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

VELDU GÆÐI!

Þú færð gómsætar bollur hjá okkur allar helgar í febrúar.



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornshakari.is



Markaðsvirði tryggingafélagsins nemur í dag um 23,5 milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Útlit fyrir að stokkað verði upp í stjórn VÍS

Þrír nýir gætu komið inn í stjórn félagsins en Gestur og Svanhildur gefa ekki kost á sér. Meðal þeirra sem vilja í stjórn eru Benedikt Ólafsson og Auður Björk Guðmundsdóttir. Miklar breytingar hafa orðið á hluthafahópnum.

Tveir stjórnarmenn í VÍS, þau Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, sem seldi allan hlut sinn í tryggingafélaginu í nóvember, og Gestur Breiðfjörð Gestsson, einn eigenda fjárfestingafélagsins Óskabeins, gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn VÍS á komandi aðalfundi. Þá gæti tilnefningarnefnd félagsins, sem mun skila skýrslu sinni í næstu viku, lagt til frekari breytingar á stjórn VÍS, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Á meðal þeirra sem sækjast nú eftir því að komast í stjórn VÍS er Auður Björk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fjártækni félagsins Two Birds og áður framkvæmdastjóri þjónustusviðs VÍS fram til ársins 2018, og Guðný Hansdóttir, en hún var framkvæmdastjóri mannaússviðs Innness á árunum 2014 og 2018 og þar áður mannaússstjóri Skeljungs. Þá leitast Benedikt Ólafsson, sem lét af störfum sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Skeljungs undir lok síðasta árs, eftir að komast í stjórn tryggingafélagsins en hann sat einnig í stjórn Skeljungs á árunum 2013 til 2016 og var áður yfir sérhæfðum fjárfestingum hjá sjóðastýringarfélaginu Stefni.

Samkvæmt heimildum Markaðarins sækir Auður Björk meðal annars stuðning sinn til Bjarna Ármannssonar, fjárfestir og forstjóra Iceland Seafood, en hann kom fyrst inn í hluthafahóp VÍS um miðjan janúar á þessu ári og fer núna

11%

er hækkan hlutabréfaverðs í VÍS frá áramótum.

með rúmlega þriggja prósentu hlut í félaginu. Guðný nýtur hins vegar stuðnings Óskabeins en félagið er í dag stærsti einkafjárfestirinn í hluthafahópi VÍS með samanlagt um 4,7 prósentu eignarhlut, sem er að hluta í gegnum framvirka samninga hjá Arion banka, en hann er metinn í dag á tæplega 1.100 milljónir króna.

Frestur til að skila framboðum til tilnefningarnefndar VÍS rann út í lok síðasta mánaðar. Samkvæmt heimildum Markaðarins bærust umsóknir um framboð, fyrir utan þá stjórnarmenn sem hafa áhuga á að sitja áfram, frá hátt í tuttugu manns. Auk Svanhildar og Gestar er stjórn VÍS í dag skipuð þeim Valdimar Svavarsyni, sem er stjórnarformaður, Vilhjálm Egiðssyni og Mörtu Guðrúnu Blöndal en þau þrjú síðastnefndu sækjast öll eftir áframhaldandi setu í stjórninni. Vilhjálmur, sem er fráfarandi rektor Háskólans á Bifröst, og Marta, sem yfirlögfræðingur ORF líftækni, komu fyrst inn í stjórn VÍS í desember 2018.

Miklar breytingar hafa orðið á hluthafahópi VÍS á undanförunum mánuðum. Félagið K2B fjárfestingar, sem er í eigu hjónanna Svanhildar og Guðmundar Þórðarsonar,

seldi allan 7,25 prósentu hlut sinn í félaginu í nóvember síðastliðnum fyrir 1.550 milljónir. Kaupendur voru LSR, sem keypti meginþorra bréfanna, auk annarra lífeyrissjóða. Fjárfestingarfélagið var fyrir viðskiptin þriðji stærsti hluthafi VÍS.

Þá seldi breski vogunarsjóðurinn Lansdowne sömuleiðis allan 7,5 prósentu hlut sinn í VÍS á fyrstu vikum þessa árs en sjóðurinn kom fyrst inn í eigendahóp félagsins í árslok 2017. Hlutabréfasjóðir Stefnis, sem áttu um fimm prósentu hlut í ársbyrjun, hafa jafnframt selt öll sín bréf í tryggingafélaginu á árinu.

Auk Bjarna þá bættist einnig Sigurður Bollason, fjárfestir og einn af stærstu hluthöfum Skeljungs og Kaldalóns, í hluthafahóp VÍS undir lok janúar þegar félagið RES II, sem er í eigu Sigurðar og eigin konu hans, Nönnu Bjarkar Ásgrímsdóttur, keypti um 1,3 prósentu hlut í félaginu. Sigurður var fyrir faeinum árum einn stærsti hluthafi VÍS en um mitt árið 2017 seldi félagið Grandier, sem var í eigu Sigurðar og Don McCarthy, fyrrverandi stjórnarformanns House of Fraser, allan átta prósentu hlut sinn í félaginu.

Stærstu hluthafar VÍS eru LSR, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, breski sjóðurinn Miton og Frjálsi. Sé litið til tuttugu stærstu hluthafa félagsins nemur samanlagður eignarhlutur lífeyrissjóða um 40 prósentum.

Markaðsvirði VÍS nemur 23,5 milljörðum og hefur hlutabréfaverð félagsins hækkað um 11 prósent frá áramótum. hordur@frettabladid.is

Fjárfestir í Creditinfo skoðar Borgun

Evrópskt fyrirtæki sem starfar á sviði greiðsluþjónustu, sem er meðal annars í eigu og stýrt af Ali Mazanderani, stjórnarmanni í Creditinfo Group, er annað þeirra félaga sem eiga nú í viðræðum við Íslandsbanka um kaup á öllu hlutafé Borgunar, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Mazanderani, sem hefur setið í stjórn Creditinfo Group frá því síðasta vor, er sjálfstætt starfandi fjárfestir en hann situr í stjórnnum fjártækni fyrirtækja víða um heim, svo sem Network International í Bretlandi, Paycorp í Suður-Afríku og Stone í Brasilíu.

Hann tók sæti í stjórn Creditinfo Group síðasta vor í kjölfar þess að breski fjárfestingarfélagið Actis,



Ali Mazanderani fjárfestir


sem hann starfaði á þeim tíma fyrir, jók við hlut sinn í íslenska félaginu úr tíu prósentum í tuttugu prósent. Sem meðeigandi í Actis, sem fjárfesti upphaflega í Creditinfo árið 2016, kom Mazanderani að fjölmörgum fjárfestingum, einkum á sviði fjártækni, í yfir sextíu ríkjum og vaxtarmörkuðum.

Eins og greint var frá í Markaðinum fyrr í mánuðinum eru viðræður um kaup á öllu hlutafé Borgunar

langt komnar en Íslandsbanki, sem á 63,5 prósentu hlut í greiðslumiðunar fyrirtækinu, hefur verið með hlut sinn í söluferli frá því í byrjun árs 2019.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa viðræður staðið yfir við tvö erlend félög en í þeim er gert ráð fyrir að kaupverðið fyrir Borgun verði í kringum sjö milljarðar króna. Tekið var fram í nýlegum ársreikningi Íslandsbanka fyrir síðasta ár að viðræður við hugsanlega kaupendur væru hafnar en hins vegar væri það enn háð töluverðri óvissu hvort af sölu yrði.

Borgun tapaði 972 milljónum króna á síðasta ári borið saman við 1.069 milljóna króna tap á árinu 2018. – hae, kij



HAFNARTORG REYKJAVÍK

Hafnartorg er blönduð byggð af nýjum skrifstofum, íbúðum og verslunum. Glæsilegar skrifstofur eru til leigu frá 120 til 1.500 fermetra. Í húsinu verður boðið uppá þjónustu við leigjendur s.s. móttökuritari og aðgang að sameiginlegum fundarherbergjum og skrifstofum. Einn stærsti bílakjallari landsins er undir Hafnartorgi og að Hörpu. Hafnartorg verður iðandi af mannlífi og menningu og kærkomin viðbót við stækkandi miðbæ Reykjavíkur.




Nýjar sérhannaðar skrifstofur í miðbæ Reykjavíkur

Heildarstærð er um 6.900 fm

Útleigurými frá 120 fm

Bílastæði eru neðanjarðar og tengist Hörpunni

Afhending hafin



URÐARHVARF 8 KÓPAVOGUR

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mótuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, móttöku og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.

Rými sérhönnuð fyrir skrifstofur eða heilbrigðisstarfssemi

Heildarstærð er um 16.500 fm

Útleigurými frá 220 fm

Næg bílastæði á lóð og í bílakjallara

Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn

Afhending hafin



REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG

REYKJASTRAETI.IS | S: 571-4990

Fasteignasafn Reykjastrætis telur um 33 þúsund fermetra í nokkrum nýbyggingarverkefnum sem eru tilbúin eða verða tilbúin á árinu 2020. Reykjastræti er systurfélag ÞG verktaka. Félagið leitar eftir farsælu langtíma viðskiptasambandi við sína leigjendur og stendur félagið fyrir gæði og áreiðanleika í viðskiptum.



Einar Snorri Magnússon, forstjóri CCEP á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Tekjur drógust saman um 6,5 prósent í fyrra

Tekjur drykkjaframleiðandans Coca-Cola European Partners á Íslandi námu 85 milljónum evra, jafnvirði um 11,8 milljarða króna, á síðasta ári og drógust saman um 6,5 prósent frá árinu 2018 þegar þær voru um 91 milljón evra.

Þetta kemur fram í nýbirtu uppgjöri móðurfélagsins, Coca-Cola European Partners (CCEP), fyrir síðasta ár. Drykkjaframleiðandinn, sem er með starfsemi í þrettán löndum í Vestur-Evrópu, keypti sem kunnugt er starfsemina hér á landi árið 2016.

Velta CCEP á Íslandi hefur þannig dregist saman um liðlega tíu prósent frá árinu 2017 þegar hún nam um 95 milljónum evra, samkvæmt eldri ársreikningum evrópska móðurfélagsins.

Athygli vekur að af mörkuðum CCEP var samdrátturinn hvað mestur hér á landi í fyrra, 6,5 prósent eins og áður sagði, en samtals var tekjuvöxtur móðurfélagsins um 4,5 prósent á árinu. Tekjur jukust á öllum mörkuðum nema á Íslandi og í Noregi þar sem samdrátturinn nam hálfu prósent. Mestur var vöxturinn í Frakklandi, eða um sjö prósent.

11,8

milljarðar króna var velta Coca-Cola European Partners á Íslandi í fyrra.

Ekki koma fram upplýsingar í ársuppgjörinu um afkomu CCEP á Íslandi á síðasta ári. Íslenska félagið hagnaðist um tæpar 167 milljónir króna árið 2018 og jókst þá hagnaðurinn um hátt í 65 prósent frá árinu 2017 þegar hann var 102 milljónir króna.

Eignir félagsins voru liðlega 7,9 milljarðar króna í lok árs 2018 en á sama tíma var eigið fé þess 5,9 milljarðar króna og eiginfjárlutfallið því um 75 prósent.

Haft var eftir Einari Snorra Magnússyni, forstjóra CCEP á Íslandi, í Markaðinum í mars í fyrra að í magni væru gosdrykkir 48 prósent af sölu félagsins, bjór 22 prósent og vatn 11 prósent. Aftur á móti væri bjór og innflutt áfengi tæplega helmingur af veltu enda væri um dýrari vöru að ræða vegna áfengisskatta.

Aðspurður nefndi hann auk þess að markaðshlutdeild Coca-Cola drægist hægt og rólega saman. Fyrir áratug hefði hún verið um 70 til 80 prósent af gosdrykkjamaarkaðinum en væri nú komin í 65 prósent. – kj



Margir hafa þurft að leggja allt undir til að standa í rekstrinum

Tryggingar ferðaskrifstofa hafa hækkað töluvert vegna nýlegra laga. Heildarfjárhæðin aukist um þrjá milljarða. Margir eigendur eru nauðbeygðir til að veðsetja íbúðarhúsnæði til að útvega tryggingu. Kallað eftir samstarfi ríkis og ferðaþjónustunnar um stofnun sjóðs. Skekkir samkeppnina við erlend fyrirtæki.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Þetta eru alltof miklar og kostnaðarsamar varúðarráðstafanir miðað við þá litlu áhættu sem er til staðar," segir Hörður Erlingsson, eigandi Ferðaskrifstofu Harðar Erlingssonar. Rúmt ár er síðan ný lög um tryggingar vegna sölu ferðaskrifstofa á pakkaferðum tóku gildi en með gildistöku laganna náði tryggingarskyldan yfir fleiri ferðaþjónustufyrirtæki en áður var.

Þannig þarf fyrirtæki sem selur bæði gistingu og afþreyingu á borð við hestaferð í einum pakka að útvega tryggingu. Fjöldi tryggingarskyldra fyrirtækja var 339 áður en lögin tóku gildi og var gert ráð fyrir að þeim myndi fjölga um tugi eða hundruð eftir gildistöku.

Samkvæmt nýlegu svari frá Ferðamálastofu nam heildarfjárhæð trygginga ferðaskrifstofa um sjö milljörðum króna. Stofnunin tók þó fram að fjárhæðin gæti breyst ört. Áður en lögin tóku gildi stóð heildarfjárhæðin í 4,3 milljörðum króna og hefur hún því hækkað um tæpa þrjá milljarða króna.

Ásberg Jónsson, eigandi Nordic Visitor, segir að Evrópulöggjöfin, sem íslensku lögin byggja á, hafi verið skrifuð fyrir ferðaskrifstofur sem flytja viðskiptavinum út og aftur heim (e. outbound). Hugmyndin að baki lagagreininu er að tryggja viðskiptavinum ferðaskrifstofu þannig að unnt sé að endurgreiða þeim eða flytja þá heim komi til gjaldþrots ferðaskrifstofunnar.

„Á Íslandi snýst starfsemin að miklu leyti um að þjónusta ferðamenn sem koma til landsins og eiga flugmiða til baka (e. inbound). Það hefur aldrei komið til þess að Ferðamálastofa hafi þurft að nýta þessa tryggingu og endurgreiða viðskiptavinum ferðaskrifstofa sem taka á móti ferðamönnum hingað til Íslands," segir Ásberg.

Margar ferðaskrifstofur eiga ekki annarra kosta völu en að fá bankaábyrgð hjá viðskiptabanka gegn þóknun til að verða sér úti um tryggingar. Ferðaskrifstofa Harðar þarf að útvega 140 milljóna króna tryggingu yfir háannatímamann en upphæðin var áður um 90 milljónir króna. Hörður og eiginkona hans hafa því, eins og margir aðrir í atvinnugreininni, þurft að grípa til þess að fá bankaábyrgð gegn því að veðsetja húsið sitt og fasteign sem er í eigu fyrirtækisins.

„Eigendur smærri ferðaskrifstofa þurfa að leggja allar persónulegar eigur undir til að geta staðið í þessum rekstri. Að því leyti snýst þetta mál líka um nýsköpun vegna þess að þeir sem vilja stofna ferðaskrifstofu en eiga ekki peninga eða fasteign til að leggja að veði gegn tryggingunni komast ekki inn á markaðinn," segir Hörður en ferðaskrifstofa hans flytur inn gesti frá Þýskumælandi löndum. Hann nefnir að Þýskur samkeppnisáðili með svipaða veltu þurfi einungis að útvega 130 þúsunda evra tryggingu, jafnvirði um 18 milljóna króna, yfir háannatímamann. Þannig sé samkeppnisstaða íslenskra ferðaskrifstofa gagnvart erlendum keppinautum verulega skekkta.

Preföldun á tryggingarkröfu
Fyrstu útfærslunni á reglugerðinni



Á Íslandi snýst starfsemin að miklu leyti um að þjónusta ferðamenn sem eiga miða til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ráðuneytið telur lögin til bóta

Fréttablaðið sendi atvinnuvegaráðuneytinu fyrirspurn um hvort það teldi nýju lögin vera til bóta.

„Lögin miða að aukinni neytendavernd og eru að mati ráðuneytisins til bóta hvað hana varðar. Þau eru innleiðing á pakkaferðatilskiptum ESB sem veitir lítið svigrúm til útfærslu nema hvað varðar tryggingar-

hlutann. Þar er ráðuneytið með einn þátt laganna til nánari skoðunar um þessar mundir," segir í svari ráðuneytisins.

„Samkeppnishæfni greinarnar er mikilvæg og ef til eru leiðir sem bæta regluverkið, án þess að ganga á neytendaverndina sem hefur verið bætt, verða þær skoðaðar sérstaklega."

sem byggir á nýju lögum var breytt eftir mótmæli frá ferðaskrifstofum. Atvinnuvegaráðuneytinu var sýnt að tryggingarkrafa á félag, þar sem mest allar tekjur koma inn á tveimur mánuðum, gæti verið tvöföld velta félagsins. Við þessu var brugðist með því að setja 80 prósentu þak á tryggingarfjárhæð miðað við veltu félags í samsettum ferðum.

Lagabreytingin hafði í för með sér breytingu á reikniformúlunni sem ákvarðar tryggingarfjárhæðina. Áður var fjárhæðin reiknuð með einföldum hættu út frá föstu hlutfalli af tekjum en nú byggir formúlan á fleiri breytum. Ein þeirra er til dæmis meðalfjöldi daga frá fullnaðargreiðslu þar til ferð hefst.

„Fyrir utan kostnaðinn við að framfylgja þessari reglugerð er flækjustigið allt of hátt. Ég held að ein afstarfskonum okkar hafi verið í heila viku að fylla út umbedin skjöl. Þetta eru orðin mjög íþyngjandi gagnaskil, sérstaklega fyrir smærri ferðaskrifstofur," segir Hörður.

Ásberg segir breytinguna hafa hækkað tryggingarfjárhæðina fyrir margar ferðaskrifstofur á sama tíma og rekstrarumhverfið versnaði.

„Af því sem ég heyrir eru margir í vandræðum með þetta og ég held að margar ferðaskrifstofur muni hreinlega ekki geta útvegað þessa tryggingu sem þýðir að þær verða

Þetta ásamt hækkuun launa og opinberra gjalda þrýstir enn meira á atvinnurekendur að flytja hluta af starfseminni úr landi.

Arnar Bjarnason



að hætta rekstri. Það má gera ráð fyrir að fram undan muni fleiri fyrirtæki fara í prot en ekki endilega vegna þess að reksturinn sjálfur hafi verið kominn í prot heldur þess að nú mun Ferðamálastofa taka oftar í gikkinn," segir Ásberg. Hann vísar til þess að Ferðamálastofa hafi nú viðtækari heimildir til inngripa og að stofnunin hafi verið gagnrýnd fyrir að veita ferðaskrifstofunni Farvel of marga fresti til að útvega nægilega tryggingu áður en fyrirtækið varð gjaldþrota á síðasta ári.

Arnar Bjarnason, forstjóri Arcanum – Icelandic Mountain Guides, segir að tryggingarfjárhæð fyrirtækisins hafi meira en þrefaldast eftir að reikniformúlunni var breytt.

„Þetta er orðið frekar þungt og flókið. Formúlan sem slík er mein-

gölluð gagnvart fyrirtækjum sem eru með sveiflukennndan rekstur enda byggir hún á erlendri fyrirmynd þar sem sveiflur í ferðaþjónustu eru mun minni en á Íslandi," segir Arnar.

Auk þess taki hún ekki tillit til áhættu í rekstri fyrirtækja. Til að mynda sé enginn greinarmunur gerður á nýstofnaðri ferðaskrifstofu annars vegar og rötgróinni ferðaskrifstofu með sterka eiginfjárstöðu hins vegar. Arnar tekur fram að í reikniformúlunni sem var notast við fyrir lagabreytinguna hafi verið tekið enn minna tillit til þessara þátta og auk þess byggt á sögulegum gögnum.

Samtökin og ríkið stofni sjóð
Þá bendir Arnar á að erlendis hafi verið stofnaðir og byggðir upp sjóðir af ferðamálasamtökum sem veita ferðaskrifstofum tryggingarvernd gegn sanngjörnu gjaldi. Á meðan þurfi íslenskar ferðaskrifstofur að leggja fram eign, bankastryggingu eða að reyna að kaupa tryggingar erlendis sem er aðeins á færi stærri fyrirtækja.

„Þetta getur hamlað vexti ferðaþjónustunnar með því að leggja þyngru byrðir á greinina en nágrannaríki gera. Þetta, ásamt hækkuun launa og opinberra gjalda, þrýstir enn meira á atvinnurekendur að flytja hluta af starfseminni úr landi. Við erum ekki að spila við sömu aðstæður og erlend ferðaþjónustufyrirtæki sem í dag selja og framkvæma ferðir hér á landi. Samtök ferðaþjónustunnar þurfa að vinna að því með ríkinu að búa til tryggingarsjóð fyrir ferðaskrifstofur," segir Arnar. Tryggingargjöldin væru þá sniðin að áhættu og skuldbindingum vegna ferða í rekstri hvers og eins fyrirtækis.

Hörður talar á svipuðum notum og segir að undanfarin ár hafi ferðaþjónustan átt stóran þátt í að byggja undir íslenskt efnahagslíf. Því sé eðlilegt að hið opinbera taki einhvern þátt í þessum tryggingum eins og þekktist víða erlendis.

LG OLED TV

100%
of 40 testing
members
recommend
Qbuzzador LG 55" OLED C9




EISA
AWARD
Best Product
2019-2020
BEST PREMIUM OLED TV
LG OLED65E9PLA

1 ★ ★ ★ ★ ★
World's Best Selling
OLED Brand

MARGVERÐLAUNUÐ SJÓNVÖRP

 **Heimilistæki**



Álverið í Straumsvík er annar stærsti viðskiptavinur Landsvirkjunar á eftir Fjarðaáli á Reyðarfirði. Tæplega fjórðungur af raforkusölu orkufyrirtækisins fer til álvers Rio Tinto. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sanngjarn samningur en ekki ódýr

Staða íslenskrar stóriðju hefur gjörbreyst á undanförunum áratug. Forstjóri Landsvirkjunar segir traustar ábyrgðir fyrir greiðslum frá álverinu í Straumsvík og sanningsákvæðin skýr. Forstjóri Elkem á Íslandi segir óvissu um orkuverð hafa stöðvað fjárfestingar.

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Staða íslenskrar stóriðju hefur breyst mikið á undanförunum áratug. Hagstæðir samningar hafa runnið út og nýir samningar, sem kveða á um hærra raforkuverð en áður, hafa tekið gildi. Forstjóri Landsvirkjunar segir samninginn við álverið í Straumsvík sanngjarnan og að Landsvirkjun sé með traustar ábyrgðir fyrir greiðslum. Forstjóri Elkem á Íslandi segir óljóst hvað taki við þegar samningurinn við Landsvirkjun rennur út árið 2029. Raforkuverðið sé komið að þolmörkum.

„Það er hvorki hægt að segja að raforkuverðið sé einstaklega gott né einstaklega slæmt. Vandinn er sá að samkeppnishæfni verksmiðjunnar á Íslandi samanstendur af fleiri þáttum en raforkunni einni og sér og raforkan var sá þáttur sem gerði það að verkum að það borgaði sig að reka verksmiðju á Íslandi,“ segir Einar Þorsteinsson, forstjóri Elkem á Íslandi, í samtali við Markaðinn.

„Það er skýr skuldbinding af hálfu beggja fyrirtækja til langs tíma. Orkan er sanningsbundin þannig að við erum ekki að skoða aðra möguleika,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, um álverið í Straumsvík.

Rio Tinto, eigandi álversins í

Straumsvík (ISAL), greindi frá því í síðustu viku að fyrirtækið myndi skoða allar leiðir þegar kæmi að endurskoðun á starfsemi. Meðal annars kæmi til greina að loka álverinu en Rio Tinto myndi gefa sér tíma fram í júní til að taka ákvörðun um lokunina.

Móðurfyrirtækið hefur bæði selt og lokað álverum í Evrópu og álverið í Straumsvík er í dag eina álver Rio Tinto í Evrópu. Á síðustu fjór- um árum – frá árinu 2016 – nemur rekstrartap álversins um 170 milljónum dala, um 21 milljarði króna á núverandi gengi. Tapið nam um 10 milljörðum í fyrra og fyrirséð er að minnsta kosti fjögurra milljarða tap á þessu ári.

Samningur Landsvirkjunar og Rio Tinto á Íslandi, sem tók gildi haustið 2010 og gildir til ársins 2036, fól í sér tímamót enda var með honum afnumin tenging raforkuverðs við álverð og þess í stað miðað við bandaríska neysluvísitölu.

Spurður um stöðuna sem nú er komin upp segir Hörður að álverið í Straumsvík búi við erfið rekstrar- skilyrði eins og önnur álver. Þar vegi þungt aukið framboð á markaði, mikil framleiðsluaukning í Kína og samdráttur í eftirspurn eftir áli á síðasta ári.

„Varðandi raforkuverðið teljum við að samningurinn sé sanngjarn fyrir bæði fyrirtækin. Vissulega er hann ekki ódýr, en hann er sanngjarn. Á heildina litid tel ég álverið ágætlega samkeppnisfært í iðnaði

Straumsvík á lista yfir ósamkeppnishæf álver

Í greiningu Deutsche Bank sem var birt í október í fyrra er fjallað um stöðu álvera utan Kína en þar er álverið í Straumsvík í 24. sæti á lista yfir ósamkeppnishæfustu álverin. Greinendum bankans reiknast til að framlegð álversins af hverju framleiddu tonni, miðað við meðalverð áls á þriðja ársfjórðungi 2019, hafi ekki verið nema um 16 Bandaríkjadalir. Álverð hefur síðan lækkað frá því að greiningin var birt. Þá var miðað við 1.765 dali á hvert tonn en verðið stendur nú í 1.678 dölum.

Greinendum bankans segja að minnkandi framlegð og aðstæður á markaði hafi aukið líkurnar á því að álverum verði lokað. Álver í Evrópu og Asíu eru sögð í mestri hættu og eru þrjú álver í Þýskalandi á vegum álframleiðandans Trimet nefnd sérstaklega í því samhengi. Þegar vikið er að hugsanlegum lokunum hjá Rio Tinto nefna greinendurnir tvö álver í Eyjaálfu, annað í Ástralíu og hitt á Nýja-Sjalandi, en álverið í Straumsvík er ekki tekið sérstaklega fyrir.



**Varðandi raforku-
verðið teljum við að
samningurinn sé sanngjarn
fyrir bæði fyrirtækin.
Vissulega er hann ekki ódýr,
en hann er sanngjarn.**

Hörður Arnarson,
forstjóri
Landsvirkjunar



sem býr við krefjandi aðstæður,“ segir Hörður og bætir við að Straumsvík hafi glímt við ítrekuð vandamál í rekstri á undanförunum árum, sem eru óháð raforkuverðinu.

Landsvirkjun reisti Búðarháls- virkjun til að efna samninginn frá árinu 2010 og Rio Tinto réðst í 500 milljóna dollara fjárfestingarverk- efni í því skyni að auka framleiðslu álversins og hefja framleiðslu á verðmætari afurðum.

Framleiðsluaukningin sem stefnt var að náðist ekki að fullu og árið 2014 var endursamið til að orkuaf- hendingin endurspegladi betur orkuþörf álversins. Rio Tinto þurfti að greiða Landsvirkjun 17 milljónir Bandaríkjadollara, vegna kostnað- arins sem það hafði í för með sér fyrir Landsvirkjun að reisa Búðar- hálsvirkjun fyrir en þörf krafði.

Þá bendir Hörður á að bæði Landsvirkjun og Rio Tinto hafi gengið sátt frá samningaborðinu á sínum tíma. Haft var eftir Herði

þegar samningurinn tók gildi að miðað við þáverandi álverð skil- aði samningurinn umtalsverðri hækkun á raforkuverði fyrir fyrir- tækið. Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto á Íslandi, sagði að þetta væri „mikilvægur áfangi fyrir álverið“ og renndi sterkari stöðum undir fram- tíð þess.

Sérfræðingar í orkumálum hafa bent á að samningur Landsvirkju- nar og Rio Tinto frá árinu 2010 feli í sér endurskoðunarákvæði sem hægt er virkja árið 2024.

„Eins og komið hefur fram er endurskoðunarákvæði eins og oft er í svona langtímasamningum. Þetta ákvæði á að tryggja að samningur- inn sé áfram sanngjarn fyrir báða aðila,“ segir Hörður aðspurður.

Þá er talið að í samningnum sé kveðið á um móðurfélagsábyrgð á kaupskyldu eins og var í eldri samningi fyrirtækjanna. Þannig þurfi móðurfélag álversins að ábyrgjast lágmarkskaup á raforku út samningstímann, eða fram til ársins 2036.

„Við teljum að það séu traustar ábyrgðir fyrir skuldbindingum beggja aðila í samningnum. Það hefur enginn ágreiningur verið um það,“ segir Hörður. Spurður hvort hann telji líkur á að Rio Tinto geti farið með ákvæðið um móður- félagsábyrgð fyrir dómstóla ítrekar hann að enginn ágreiningur hafi komið upp.

„Ef það kemur upp ágreiningur þá er skýrt kveðið á í samningnum



Fjörtán milljarða króna arðgreiðsla vegna viðræðna við Norsk Hydro

Álverið í Straumsvík greiddi arð upp á 130 milljónir dala til móðurfélagsins árið 2017 en upphæðin jafngildir um 13,9 milljörðum króna miðað við meðalgengi ársins. Í svari frá Rio Tinto á Íslandi kemur fram að arðgreiðslan hafi verið sú eina sem fyrirtækið hefur greitt frá árinu 2004.

„Þetta var fjármagn sem var til í fyrirtæki frá því áður en taprekstur jókst vegna hás raforkukostnaðar og krefjandi markaðsaðstæðna. Arðgreiðslan fór fram vegna þess að fyrir lá bindandi kaupsáttmál frá Hydro um að kaupa ISAL en fyrirtæki eru jafnan ekki seld með lausafé,“ segir Bjarni Már Gylfason, upp lýsingafulltrúi Rio Tinto á Íslandi.

Hydro gerði skuldbindandi tilboð um kaup á öllu útgefnu hlutfé í álverinu í febrúar 2018

og í kjölfarið sagði Ole Sæter, yfirmaður álvera Hydro, þegar hann var spurður af blaðamönnum, að samningurinn við Landsvirkjun væri samkeppnishæfur.

Norski álframleiðandinn Norsk Hydro hætti sem kunnugt er við kaupin á álverinu í Straumsvík haustið 2018 en félagið sagði við það tilefni að tekið hefði lengi tíma en búist var við að fá samþykki framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fyrir kaupunum.

Eftir að Norsk Hydro hætti við kaupin var álverið aftur sett í söluferli og greindu erlendir miðlar frá því að Glencore, einn af stærstu eigendum Norðurlands, og hið þýska Trimet Aluminium, hefðu áhuga á að kaupa álverið. Rannveig sagði nýlega í samtali við mbl.is að því söluferli væri lokið: „Nú er ekki verið að

vinna í söluálagum, heldur verið að ræða við aðila héraðs um hvort eigi að halda þessum rekstri áfram.“

Fjallað var um mögulega sölu á álverinu í Straumsvík á Aluminium Insider síðasta sumar sem taldi álverið vera heppilega fjárfestingu.

„Þrátt fyrir að ISAL greiði hæsta raforkuverðið á meðal íslenskra álvera er það enn með því lægsta sem finnst í Evrópu. Ísland framleiðir alla sína raforku með vatnsafla og jarðvarma sem er í samræmi við stefnu Rio Tinto um „grænt ál“. En að því gefnu að raforkuverðið sé mun hærra í Straumsvík en hjá álverum Rio Tinto í Kanada, þá er er ákvörðunin um að losa sig við álverið í samræmi við stefnu Rio um að draga úr kostnaði og hámarka arðsemi,“ skrifaði greinandi Aluminium Insider.

árinu 1979 sem var á hagstæðum samningi hjá Landsvirkjun fram til ársins 2019. Elkem ákvað að nýta heimild í samningnum um að framlengja raforkuviðskiptin um tíu ár eða fram til ársins 2029. Þar með var virkjað ákvæði um að sérstakur gerðardómur skyldi ákveða hvaða verð yrði á raforkunni það tíu ára tímabil. Niðurstaða gerðardóms fól í sér umtalsverða hækkun á raforkukostnaðinum.

„Ef við skoðum þættina sem hafa áhrif á afkomu okkar má segja að sá þáttur sem vegur þýngst sé markaðsverð á afurðum. Það sveiflar afkomunni upp og niður. En ef við skoðum samkeppnishæfni verksmiðju okkar á Íslandi – Elkem er með 27 verksmiðjur á heimsvísu – þá samanstendur hún af þremur meginþáttum og hefur gert það frá upphafi,“ segir Einar.

„Þar má fyrst nefna flutningskostnað. Við flytjum öll hráefni inn og allar afurðir út. Þetta hefur veikt samkeppnistöðu okkar gagnvart keppinautum í Evrópu,“ segir Einar.

Annar þáttur sem vegur þungt er innlendir kostnaður og launakostnaður. Öll þjónusta sem Elkem kaupir innanlands er beintengd við launaþróun og þessi kostnaður er mjög óhagstæður að sögn Einars. Verksmiðja Elkem á Íslandi er sú dýrasta innan samstæðunnar hvað laun varðar.

„Þriðji þátturinn er raforkan en hún er ástæðan fyrir því að verksmiðjan er yfirleitt á Íslandi. Raforkuverðið var hagstætt og gerði það að verkum að verksmiðja á Íslandi var samkeppnishæf. Eftir niðurstöðu gerðardóms má segja að þessi samkeppnishæfni sé að miklu leyti horfinn,“ segir Einar.

„Ef við skoðum meðalafkomu síðustu ára – á bilinu tíu til þrettán ár – þá má segja að raforkuhækkunin hafi að stórum hluta étid upp allan hagnaðinn. Þetta þýðir að við höfum verið og erum að leita leiða til að hagræða og fækka fólki.“


Vandinn er tvíþáttur að sögn Einars. Annars vegar er fyrirtækið að glíma við skammtímaáhrif af hærri raforkuverði og hins vegar vakna spurningar um hvað taki við þegar samningurinn rennur út árið 2029.

„Það sem hrjáir okkur mest er spurningin um hvað tekur við eftir 2029. Ef það stefnir í enn hærri raforkuverð þá lítur þetta afskaplega illa út og við þurfum svara við þeirri spurningu mjög fljótt vegna þess að við höfum stöðvað fjárfestingu í uppbyggingu.“


Þegar við fjárfestum í uppbyggingu þurfum við að horfa meira en níu ár fram í tímann. Við höfum þurft að setja ýmis góð mál á ís, til dæmis verkefni sem snúa að endurnýtingu á orku og varma, á meðan óvissan er eins og hún er í dag,“ segir Einar.

„Afurðaverðið mun sveiflast upp og niður en samkeppnishæfnin hefur versnað svo mikið að við þurfum að reka verksmiðjuna betur en aðrir innan Elkem og líklega betur en flestir okkar keppinautar til þess að það sé arðbært að vera hérna. En arðsemin til lengri tíma litid er ekki mjög spennandi og það er ólíklegt að við myndum byggja verksmiðju á Íslandi í dag.“

Orkukostnaður álvera eftir landsvæðum miðað við framleiðslu



Rekstrarkostnaður álvera eftir landsvæðum miðað við framleiðslu



Klippt hefur verið neðan af gröfunum til að sýna mismuninn betur.

Þá nefnir Einar að Landsvirkjun hafi ekki verið sátt við niðurstöðu gerðardóms og talið að raforkuverðið ætti að vera hærri. Því sé líklegt að Landsvirkjun muni fara fram á hærri verð en rekstur Elkem getur staðið undir þegar núgildandi samningur rennur út.

Gott verð á heimsmælikvarða

Landsvirkjun stóð fyrir fundi í byrjun árs þar sem Martin Jackson, álsérfræðingur hjá greiningarfyrirtækinu CRU, fjallaði um stöðu íslenskra álvera í alþjóðlegu samhengi.

„Íslenski áliðnaðurinn er í góðri stöðu í dag. Sjálfbærni er lykilaþriði í áliðnaðinum í dag, og með vaxandi regluverki og hærri kolefnisskóttum verður hún sífellt mikilvægari,“ sagði Jackson, spurður um stöðu áliðnaðarins hér á landi.

„Það jákvæða við íslenska áliðnaðinn, þar sem álverin eru hagkvæm og knúin af vatnsaflsorku, er að hann stendur vel hvað varðar kostnað vegna þess að kolefnislosun mun á endanum leiða til hærri kostnaðar hjá álverum. Ef þú ert að losa litid í dag þá verður kostnaðurinn hlutfallslega minni þegar fram í sækir.“

Spurður nánar út í hvort íslensk álver væru samkeppnishæf í dag hvað kostnað varðar svaraði Jackson játandi og nefndi að þau væru á meðal þeirra álvera sem væru með hvað lægstan orkukostnað á

heimsvísu. Einungis álver í Kanada byggju við hagstæðari orkukjör. Aftur á móti versnaði samkeppnistaðan þegar annar rekstrarkostnaður væri tekinn með í reikninginn.

Virði afurða er lykilþáttur

Í erindi Jacksons kom fram að ein af ástæðunum fyrir því að Ísland er orðið eftirbátur Noregs í álframleiðslu væri sú að norsk álver framleiði virðismeiri afurðir. Álhleifar eru einfaldasta afurðin en með sérhæfðari framleiðslu er hægt að fimmfalda arðsemi framleiðslunnar. Aftur á móti er ekki auðvelt að sækja inn á þennan markað enda er fjármagnsfrekt að sérhæfa framleiðsluna.

Rannveig sagði í samtali við mbl.is í síðustu viku að álið sem búið er til í verkmiðjunni væri í hæsta gæðaflokki og framleiddar væru flóknar og dýrar vörur sem fái aðrir aðilar gætu framleitt.

„Við höfum mikla sérhæfingu sem byggir á mikilli þekkingu, og við erum búnin að komast eins langt og hægt er með þetta. Við erum alltaf með þetta tap, og meginástæða fyrir því er að við erum að borga miklu hærri verð fyrir raforkuna en aðrir í iðnaðinum, bæði þegar litid er hér innanlands eða skaðaður er samanburður við útlönd.“

Þannig að við erum með mjög óhagstætt raforkuverð og eigum ekki annars kost,“ sagði Rannveig.

Við fáum skýr svör frá okkar félagsmönnum um að raforkuverð sé ekki samkeppnishæft og að betri kjör bjóðist annars staðar.



Sigríður Mogensen, sviðssjóri hugverkasviðs hjá SI

Einar hjá Elkem segir að á síðastliðnum tíu árum hafi fyrirtækið fjárfest í búnaði til að framleiða virðismeira kísiljárn og sú fjárfesting hafi heppnast vel.

„Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að við erum ekki búin að gefast upp þrátt fyrir að grunnforsendur hafi breyst,“ segir Einar.

Staða gagnavera versnað

Landsvirkjun hefur bent á að nýjustu gögn Eurostat frá árinu 2018 sýni að raforkukostnaður smærri stórnotenda, sem nota 10-20 MW, sé samkeppnishæfur miðað við önnur Norðurlönd. Þau gögn sýni að raforkuverð og flutningsverð hafi verið lægst á Íslandi.

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs hjá Samtökum iðnaðarinnar, segir að fjarað hafi undan samkeppnishæfni gagnavera – sem teljast til minni stórnotenda – frá árinu 2018.

„Ísland er að tapa samkeppnisforskoti sínu í þessum iðnaði og það er tvennt sem skiptir mestu máli í þeim efnum: Annars vegar raforkuverðið og hins vegar gagnatengingar.“

Við fáum skýr svör frá okkar félagsmönnum um að raforkuverð sé ekki samkeppnishæft og að betri kjör bjóðist annars staðar. Þetta birtist meðal annars í þeirri ákvörðun Advania Data Centers að byggja frekar nýtt gagnaver í Svíþjóð en hér á landi,“ segir Sigríður.

„Raforkuverð hjá framleiðandanum er eitt en síðan eru það flutnings- og dreifikostnaður sem leggjast ofan á verðið. Þegar fyrirtæki tekur ákvörðun um uppbyggingu á gagnaveri er horft til heildarverðsins auk annarra þátta.“

Sigríður segir að horfa þurfi til virðisbæturinnar í heild sinni. Umræðan eigi ekki að snúast um einstakt fyrirtæki og arðsemi þess heldur um arðsemi þjóðarbúsins. Þá skipti máli að byggja upp öflugan og samkeppnishæfan iðnað.

„Gagnaversiðnaðurinn er sá iðnaður sem er að vaxa hvað hraðast á heimsvísu. Það er vaxandi eftirspurn eftir vinnslu og hýsingu gagna, og hún mun fyrirsjáanlega aukast mjög mikið. Gagnaversiðnaðurinn byggðist upp tiltölulega hratt hér á landi en það er blíkur á lofti varðandi framhaldið.“

Spurningin er hvort Ísland ætli að vera þátttakandi í þessari þróun á heimsvísu. Þá skiptir máli að við höldum rétt á spilunum svo við missum ekki alveg úr höndunum það samkeppnisforskot sem við höfðum á sínum tíma,“ segir Sigríður.

hvernig eigi að leysa úr því.“

Raforkuverð ISAL fyrir hverja megavattstund er um 38 dalir að sögn viðmælenda Markaðarinnar sem þekkja vel til. Í verðinu er raforkuflutningur innifalinn sem er talinn nema um sex dólum. Til samanburðar má ætla að raforkuverð til Fjarðaáls sé vel undir þrjátíu dólum og að kjör Norðurlands hafi verið svipuð þar til í fyrra þegar endurnýj- adur samningur við Landsvirkjun tók gildi. Þá er Rio Tinto sagt borga 26 dali með flutningi fyrir hverja megavattstund í Kanada.

Álverið í Straumsvík er annar stærsti viðskiptavinur Landsvirkjunar á eftir Fjarðaáli á Reyðarfirði en samkvæmt árskýrslu orkufyrirtækisins frá árið 2018 eru um 23 prósent af raforkusölu þess til álvers Rio Tinto.

Markaðurinn óskaði eftir viðtali við Rannveigu Rist um samkeppnishæfni Rio Tinto á Íslandi en fyrirtækið varð ekki við beiðninni. Þá vildu forsvarsmenn Norðurlands ekki tjá sig um stöðu mála.

Tor Arne Berg, forstjóri Fjarðaáls, segist ekki geta tjáð sig um raforku- samning álfyrirtækisins við Landsvirkjun enda sé hann trúnaðarmál.

„Það er þó alveg ljóst að álverið var reist hér á landi vegna þess að hér var í boði langtímasamningur á stöðugri orku,“ segir hann.

„Helsta ógnin sem stæðjar að áliðnaði um þessar mundir er offramleiðsla í Kína sem kemur til vegna óeðlegra niðurgreiðslna frá ríkinu. Þetta hefur orðið til þess að álverð hefur fallið á alþjóðlegum markaði sem þrengir mjög að samkeppnisstöðu í þessari grein,“ bætir forstjórinn við.

Óvissa um framtíð Elkem
Elkem hefur starfrækt járnblendiverksmiðju á Grundartanga frá

Eigum ekki að hræðast breytingar

Svipmynd

Sigríður Theódóra Pétursdóttir

Nám

- BA-próf í íslensku og MA-gráða í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum frá Háskóla Íslands.
- Sérhæft meistaraþróf í markaðslegri stjórnun og samskiptum frá Toulouse Business School.

Störf

- Samskiptateymi Airbus A350 árið 2013.
- Brandenburg auglýsingastofa frá árinu 2014.

Sigríður Theódóra Pétursdóttir var nýverið ráðin aðstoðarframkvæmdastjóri Brandenburg en hún hefur starfað sem viðskiptastjóri á auglýsingastofunni undanfarin sex ár. Hún segir styrk stofunnar felast í áherslu á árangursdrifnar hugmyndir. Erfitt geti verið að sannfæra viðskiptavinum um að fara djarfari leiðir en ávinningurinn skili sér margfalt til baka.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Mér finnst mjög gaman að dansa og fer reglulega í danstíma í Hreyfingu. Annars er nýja uppáhaldið mitt dansnámskeið í Kramhúsinu þar sem maður lærir alls konar mjaðmahreyfingar. Einnig er langur göngutúr þar sem maður hreinsar hugann og nýtur umhverfisins mín hugleiðsla.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Morgunninn byrjar yfirleitt á baráttu við snús-takkann í of langan tíma og hvort ég eigi að drifa mig í ræktina fyrir vinnu. Ég tapa yfirleitt þeirri baráttu og sef lengur. Mér finnst mjög gott að vera aðeins í rólegheitum á morgnana að taka mig til áður en áreiti dagsins byrjar. Geng síðan í vinnuna, hlusta á góða tónlist og undirbý mig fyrir verkefni dagsins.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Það er af mörgu að taka en amma mín og nafna skrifaði sögu Kvenréttindafélags Íslands frá 1907-1992, Veröld sem ég vil, og mótaði sú saga og vinna ömmu í kringum hana mig mikið. Hún gaf mér það veganesti að ég gæti allt sem ég vildi.

Ég var mikið hjá henni í æsku og tengdi því vel við efni sögunnar. Ég lærði um kvennabaráttuna og þær stórkostlegu konur sem vörðuðu veginn fyrir okkur í dag. Vissulega er ýmislegt óunnid í jafnréttisbaráttunni en þarna var grunnurinn lagður.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Eins og alltaf þá eru verkefni



Sigríður tók nýverið við starfi aðstoðarframkvæmdastjóra Brandenburg en hún hefur starfað hjá auglýsingastofunni í um sex ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

á auglýsingastofu fjölbreytt og krefjandi. Okkar hlutverk er að finna leiðir með viðskiptavinum til að reyna að ná sem mestu út úr þeim fjármunum sem verið er til markaðsmála. Það er alltaf tækifæri til að ná árangri og þegar hægist á markaðnum verður að skoða vel áherslur í markaðsmálum og beina kröftunum að því sem skilar mestum ávinningi.

Hvað Brandenburg varðar þá höfum við verið valin auglýsingastofa ársins síðustu þrjú ár af íslensku markaðsfólki, sem er mjög ánægjulegt. En maður má ekki verða værukær, við þurfum að halda stöðugt áfram að sanna okkur og sýna að við séum stofa í fremstu röð. Það er því mikil áskorun að viðhalda velgengni okkar og að vera leiðandi á auglýsingamarkaði.

Stofan hefur einnig vaxið hratt

●● Það getur stundum verið erfitt að sannfæra viðskiptavinum um að fara djarfari leiðir þegar kreppir að en ávinningurinn skilar sér margfalt til baka.

síðustu ár. Við erum bara átta ára og á þeim tíma höfum við farið úr fjórum starfsmönnum í um þrjátíu. En við höfum náð að viðhalda góðum starfsanda, enda með einstaklega hæfileikaríkt starfsfólk sem gefur allt sitt í verkefni og

hefur metnað til að láta fyrirtækið blómstra og vera áfram bestu auglýsingastofu Íslands.

Hvað mun felast í nýja starfinu?

Ég kem nánar inn í rekstur, stjórnun og stefnumótun Brandenburgar ásamt því að halda áfram þeirri uppbyggingu sem hefur verið síðustu ár.

Er rekstrarumhverfið að taka breytingum? Ef svo er, hverjar eru helstu áskoranirnar?

Það eru alltaf einhverjar breytingar, en við eigum ekki að hræðast þær heldur líta á þær sem tækifæri því í raun þrífumst við á breytingum og nýjungum á markaði.

Núna eru helstu áskoranir okkar að nýta fjármagn viðskiptavina sem best. Þá verður verðmæti góðra hugmynda enn meira, þar sem þú vilt ná sem mestri athygli fyrir minni pening. Styrkur okkar

hjá Brandenburg hefur verið áhersla á árangursdrifnar hugmyndir. Það getur stundum verið erfitt að sannfæra viðskiptavinum um að fara djarfari leiðir þegar kreppir að, en ávinningurinn skilar sér margfalt til baka.

Hvaða tækifæri felast í þessum breytingum?

Þegar það kemur hik á markaðinn eiga fyrirtæki það til að minnka fé til markaðsmála. Tækifærin eru fölgín í því að sýna fyrirtækjum virðisaukann í því að vinna með okkur, því við búum yfir þekkingu og þjónustu sem ekki er innanhúss. Það var einmitt ein af ástæðum þess að við fjárfestum í snjallbirtinga-fyrirtækinu Datera, sem sérhæfir sig í gagnadrifnum og sjálfvirkum auglýsingaherferðum á netinu. Þar eru áhugaverðir hlutir að gerast og mikil tækifæri.

Birgir fær 120 milljónir vegna uppgjörs á ráðgjafarsamningum

Domino's Pizza Group, sem samþykkti í liðinni viku að selja minnihlutaeigendum Domino's í Noregi, þar á meðal Birgi Þór Bieltvedt fjárfesti, allan 71 prósent hlut sinn í norska félaginu, hyggst samhliða sölu greiða Birgi samanlagt 875 þúsund evrur, jafnvirði líðlega 120 milljóna króna, vegna uppgjörs á ráðgjafarsamningum sem breska félagið gerði við fjárfestinn á árunum 2016 og 2017.

Þetta kemur fram í tilkynningu sem Domino's Pizza Group sendi kauphöllinni í Lundúnum í síðustu viku í tilefni af fyrirhugaðri sölu félagsins á rekstri Domino's í Noregi. Umrædd sala, auk uppgjörsins á ráðgjafarsamningunum við Birgi, er háð samþykki hluthafa breska félagsins.

Domino's Pizza Group mun annars vegar greiða Birgi 500 þúsund

evrur til þess að gera upp skuldbindingar félagsins samkvæmt samkomulagi sem fólst í því að hann veitti félaginu ráðgjöf um rekstur og uppbyggingu Domino's í Noregi og Svíþjóð til loka maímánaðar árið 2022. Samkomulagið gerði ráð fyrir að Birgir fengi greiddar um 250 þúsund evrur á ári til loka samningstíma.

Hins vegar greiðir breski pitsurinn Birgi 375 þúsund evrur til uppgjörs á samningi sem fólst í því að hann ynni í samstarfi við félagið að því að tryggja sérleyfi fyrir rekstri Domino's í Finnlandi og Eystrasaltsríkjunum. Samkvæmt þeim samningi gat Birgir fengið greidda allt að eina milljón evra sem hlutafé í dótturfélögum Domino's Pizza Group í áðurnefndum ríkjum, ef orðið hefði af stofnun slíkra félaga.



Birgir hefur keypt ásamt fjárfestum reksturinn í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í tilkynningu Domino's Pizza Group er þó tekið fram að hann muni áfram veita Pizza-Pizza, sem á og rekur Domino's á Íslandi, almenna ráðgjöf samkvæmt ráðgjafarsamningi frá því í lok árs 2017. Breska félagið hefur sem kunnugt er tilkynnt um áform sín um að selja allt hlutafé sitt í umræddu félagi.

Á þeim tíma sem breska félagið samdi við Birgi um ráðgjafarstörf sögðu forsvarsmenn félagsins mikilvægt að hann kæmi áfram að uppbyggingu þess á mörkuðum á Norðurlöndunum í ljósi reynslu hans og tengsla við sérleyfishafann á heimsvísu.

Birgir hefur lengi tengst Domino's og rekið pitsustaði víða undir þeirra merkjum, meðal annars á Íslandi, í Danmörku, Þýskalandi og Noregi. –kij

Veðjaði á bresk hlutabréf og tapaði

Vogunarsjóður Lansdowne Partners tapaði hátt í sex prósentum í janúar. Vonir um að breskur hlutabréfamarkaður taki við sér hafa ekki gengið eftir. Sjóðurinn er sagður hafa vanmetið áhrifin af útgöngu Breta úr Evrópusambandinu á hlutabréfaverð.

Stærsti sjóðurinn í stýringu Lansdowne Partners, breska vogunarsjóðsins sem hefur meðal annars fjárfest í skráðum íslenskum fyrirtækjum, skilaði neikvæðri ávöxtun upp á nærri sex prósent í síðasta mánuði. Þetta kemur fram í bréfi sem forsvarsmenn sjóðsins, Developed Markets hedge fund, hafa sent sjóðfélögum og Financial Times hefur undir höndum.

Veðmál vogunarsjóðsins, sem er einn sá stærsti í Evrópu með samanlagt fimmtán milljarða dala í stýringu, um að breskur hlutabréfamarkaður myndi taka við sér í kjölfar þess að Bretar kusu að segja skilið við Evrópusambandið sumarið 2016 hefur ekki gengið eftir og er það megin skýringin á slæmu gengi sjóðsins undanfarin ár, að sögn viðmælenda Financial Times sem þekkja vel til mála.

Ávöxtun ádurnefnds sjóðs Lansdowne Partners var neikvæð á árunum 2016 og 2018. Hún var jákvæð á síðasta ári en var þó talsvert lægri en meðalávöxtun breskra hlutabréfavísitalna.

Veðmálið ekki gengið eftir

Forsvarsmenn sjóðsins, þar á meðal sjóðsstjórinn Peter Davies, hafa margsinnis lýst þeirri skoðun sinni á síðustu árum að bresk hlutabréf séu að megin stefnu til undirverðlögð. Á meðan margir aðrir sjóðsstjórar hafa dregið úr vægi þarrendra hlutabréfa í eignasöfnum sínum vegna óvissunnar sem umlukið hefur breskt efnahagslíf í kjölfar Brexit-atkvæðagreiðslunnar hafa stjórndendur Lansdowne talað á öðrum nótum.

„Okkar sannfæring er sú að tækifærin í Bretlandi séu mjög mikil,“ sagði í einu af bréfum sjóðsstjóra Lansdowne til fjárfesta.

James Hanbury, sjóðsstjóri hjá Odey Asset Management og fyrrverandi nefndarmaður í peningastefnunefnd Englandsbanka, tekur í samtali við Financial Times undir þessi sjónarmið Lansdowne. Fjárfestar á breskum hlutabréfamarkaði hafi almennt verið of svartsýnir.

Richard Buxton, forstöðumaður breskra hlutabréfa hjá Merian Global Investors, tekur í sama streng en



Lansdowne er á meðal stærstu vogunarsjóða í Lundúnum með um fimmtán milljarða dala í stýringu. MYND/GETTY

Lítill eða neikvæð ávöxtun af fjárfestingum Lansdowne hér á landi

Almennt má ætla að ávöxtun af fjárfestingum Lansdowne í íslenskum hlutabréfum, sem voru flestar gerðar síðla árs 2017, hafi verið lítill sem engin og í sumum tilfellum jafnvel neikvæð.

Eins og greint var frá í Markaðinum fyrr í mánuðinum hefur sjóður Lansdowne selt sig niður í fimm skráðum félögum fyrir

samtals um sjö milljarða króna frá því í október í fyrra. Þar af hefur hann selt fyrir ríflega sex milljarða króna á þessu ári.

Vogunarsjóðurinn hefur þannig minnkað verulega eignarhlut sinn í þeim sex skráðu félögum sem hann fjárfesti í hér á landi en samkvæmt athugun Markaðarins nema núverandi fjárfestingar

sjóðsins, sem sjóðsstjórinn David Craigen hefur haft yfirumsjón með, nú samanlagt ríflega átta milljörðum króna. Þar munar langsamlega mest um liðlega fjögurra prósentu hlut vogunarsjóðsins í Arion banka að virði um 6,2 milljarða króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í bankanum.

hann spáir því að breska hagkerfið verði eitt sterkasta hagkerfi heims eftir fáein ár, þökk sé útgöngu Breta úr Evrópusambandinu.

Flestir fjárfestar í Bretlandi eru hins vegar á öðru máli. Til marks um það hefur breska hlutabréfavísitalan FTSE 100 lækkað um 1,8 prósent það sem af er ári en í frétt

5,7%

var neikvæð ávöxtun stærsta sjóðs Lansdowne Partners í janúar.

Financial Times er bent á að hún hafi skilað mun lægri ávöxtun en bandaríska vísitalan S&P 500 frá því að Bretar samþykktu að ganga úr Evrópusambandinu.

Vanmátu áhrifin af Brexit
Viðmælendur blaðsins nefna að á meðal helstu mistaka Lansdowne

» Stærsti sjóður Lansdowne skilaði neikvæðri ávöxtun árin 2016 og 2018 og þá var ávöxtun hans á síðasta ári lægri en ávöxtun breskra hlutabréfavísitalna.

seu þau að sjóðurinn hafi vanmetið áhrifin af útgöngu Breta á hlutabréfaverð þar í landi. Vogunarsjóðurinn hafi til að mynda tapað á fjárfestingu sinni í breska bankanum Lloyds.

Forsvarsmenn Lansdowne vilja sem minnst segja um fjárfestingar sínar og í bréfum til fjárfesta er hvorki upplýst um stærstu fjárfestingarnar í hlutabréfum né skortstöður.

Gögn sem Financial Times hefur undir höndum gefa hins vegar til kynna að sjóðurinn hafi veðjað á talsverðar hækkanir á gengi breskra hlutabréfa. Yfirlýsingar sjóðsstjóra Lansdowne renna stóðum undir það. Í einu bréfi þeirra til fjárfesta er til að mynda rætt um að þarlend hlutabréf séu ekki rétt verðlögð. Í öðru bréfi segir að hagkerfi landsins sé í „mjög góðri stöðu“.

Vara við dýrum tæknifyrirtækjum

Aðra sögu er að segja af fjárfestingum Lansdowne í Bandaríkjunum. Þar hafa sjóðsstjórar fyrirtækisins meðal annars goldið varhug við miklum gengishækkunum á hlutabréfum nokkurra tæknifyrirtækja og almennt veðjað á að þarlend hlutabréf lækki í verði.

Heimildarmenn Financial Times sem þekkja vel til starfsemi vogunarsjóðsins telja líklegt að umrætt veðmál skýri að hluta slæmt gengi sjóðsins á síðustu vikum. Bandarísk hlutabréf hafa enda hækkað talsvert í verði það sem af er ári, þrátt fyrir hröða útbreiðslu kórónuveirunnar skæðu.

kristinni@frettabladid.is

Laun stjórnar Glitnis HoldCo verði óbreytt

Stjórn Glitnis HoldCo, eignarhaldsfélags sem var stofnað eftir að slítabú Glitnis lauk nauðasamningum í árslok 2015, leggur til við aðalfund félagsins í næstu viku að laun sín haldist óbreytt í ár frá síðasta ári.

Verði tillaga stjórnarinnar, sem Markaðurinn hefur undir höndum, samþykkt mun Mike Wheeler, stjórnarformaður eignarhaldsfélagsins, fá greiddar 30 þúsund evrur, jafnvirði um 4,2 milljóna króna, fyrir störf sín á þessu ári, að því tilskildu að þau útheimti að hámarki fimm heila vinnudaga.

Þá munu stjórnarmennirnir Tom Grøndahl og Steen Parsholt fá greiddar 20 þúsund evrur, jafnvirði 2,8 milljóna króna, í laun í ár fyrir að hámarki fjóra vinnudaga.

Starfi umræddir þrjú stjórnarmenn umfram það fær hver þeirra greiddar fimm þúsund evrur, um 690 þúsund krónur, til viðbótar á dag.

Fram kemur í ársreikningi Glitnis HoldCo fyrir síðasta ár, sem sendur var hluthöfum eignarhalds-

560

milljónir króna voru eignir Glitnis HoldCo í lok síðasta árs.

félagsins fyrr í mánuðinum og Markaðurinn hefur undir höndum, að eignir félagsins hafi numið 4,04 milljónum evra, sem jafngildir um 560 milljónum króna, í lok síðasta árs en þar af var reidufé félagsins 3,49 milljónir evra. Til samanburðar átti Glitnis HoldCo eignir upp á 4,75 milljónir evra í lok árs 2018.

Stjórnunarkostnaður eignarhaldsfélagsins var 244 þúsund evrur á síðasta ári og dróst verulega saman frá árinu 2018 þegar hann nam alls 1.876 þúsund evrum.

– kij

EINSTAKT TÆKIFÆRI Í EINU ELSTA HÚSI
REYKJAVIKUR - VESTURGATA 6-8

Leyfi fyrir bjórböð í kjallara, gistirými á efstu hæð og veitingastað á jarðhæð. Óskum eftir ábyrgum og orkumiklum leigutökum. Frábær leigukjör í boði fyrir réttan aðila.



Nánari upplýsingar : alpha@alpha.is



Skotsilfur



Jón Ingi til Arctica

Jón Ingi Árnason, sem starfaði áður í markaðsviðskiptum Landsbankans, hefur verið ráðinn til Arctica Finance. Mun hann þar starfa í markaðsviðskiptum verðbréfafyrirtækisins. Jón Ingi er annar starfsmaðurinn á skömmum tíma sem tekur til starfa í markaðsviðskiptum Arctica Finance en Valdimar Ármann, fyrrverandi forstjóri GAMMA Capital Management, gekk sem kunnugt er nýverið til liðs við fyrirtækið. Áður en Jón Ingi hóf störf hjá Landsbankanum starfaði hann um skeið í markaðsviðskiptum Kviku og Straums.



Í lögmennsku

Ingi Hrafn Óskars-son, fyrrverandi framkvæmdastjóri sérhæfðra fjárfestinga og fyrirtækjaverkefna hjá GAMMA Capital Management, hefur gengið til liðs við eigendahóp Lögfræðistofu Reykjavíkur. Ingi Hrafn hætti störfum hjá GAMMA síðasta haust en hann var meðal annars sjóðsstjóri GAMMA:Novus, eiganda Upphafsfasteignafélags. Ingi Hrafn, sem hefur lokið meistaraþrófi í lögum frá Columbia-háskóla og meistaraþrófi í fjármálum frá London Business School, hefur meðal annars starfað hjá Lögmönnum Lækjargötu, Íslandsbanka og Glitni.



Jón Garðar til MAR Advisors

Jón Garðar Guðmundsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Icelandic Group, hefur hafið störf hjá MAR Advisors, ráðgjafarfyrirtæki Magnúsar Bjarnasonar, stjórnarformanns Icelandic Seafood. Jón Garðar gengur inn í eigendahóp félagsins, sem veitir ráðgjöf á sviði innviða og sjávarútvegs, en það hefur starfað fyrir bankann Macquarie, Norsk Hydro og fjárfestingasjóðinn Frumtak. Jón Garðar og Magnús störfuðu áður saman hjá Icelandic Group.



Snarpur samdráttur í Japan



Japanska hagkerfið dróst saman um 6,3 prósent á ársgrundvelli á fjórða fjórðungi síðasta árs og hefur ekki dregist svo hratt saman frá árinu 2014. Hagfræðingar segja að hærri söluskattur, fellibylurinn Hagibis og minni eftirspurn í heimshagkerfinu skýri einkum samdráttinn. Óttast er að kórónaveiran muni dýpka efnahagslæðina frekar en heimsóknum kínverskra ferðamanna hefur fækkað talsvert undanfarið. MYND/GETTY

Fáranlegt ástand



Jóhannes Þ. Skúlason framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Ísland glímur við efnahagslega niðursveiflu. Um þetta eru greinendur sammála. Þeir sem reka ferðaþjónustufyrirtæki þurfa ekki greinendur til að segja sér það. Á sama tíma og launakostnaður, aðföng og ýmis rekstrarkostnaður hefur hækkað hafa tekjur lækkað. Gengi krónunnar er sterkara en þægilegt getur talist fyrir útflutningsgreinar með tilheyrandi minni eftirspurn. Um 85% ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi eru smáfyrirtæki með 10 eða færri starfsmenn. Slík fyrirtæki liggja ekki á digrum sjóðum, þau þurfa þvert á móti að horfa í hverja krónu um hver mánaðamót. Og það er ekki einskorðað við ferðaþjónustufyrirtæki.

Í um 18 mánuði hefur umræðan snúist um að ferðaþjónustan sé í hagræðingarferli. Það þýðir á mannamáli að fyrirtækin þurfa að

mæta auknum kostnaði með því að endurskipuleggja reksturinn og segja upp fólki. Smæð ferðaþjónustufyrirtækja gerir það að verkum að ekki er um að ræða fjöldauppsagnir sem birtast í fjölmiðlum, en þegar nokkur hundruð fyrirtæki þurfa að segja upp 1-4 starfsmönnum safnast það hratt upp. Tölurnar tala sinu máli, atvinnulausum fjölgaði um 1.800 manns milli ára, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Hvort sem greinendur kjósa að kalla núverandi efnahagsástand niðursveiflu eða stöðnun er ljóst að það hægist á í hagkerfinu. Þótt ferðaþjónustuaðilar séu almennt bjartsýnir um framtíð atvinnugreinarinnar til lengri tíma lítið, er klárt að atvinnulífið þarf súrefni til að komast í gegnum öldudalinn. En þrátt fyrir það virðist vera slökkt á öndunarlífinu. Fjármálakerfið hefur skellt í lás.

Það er ekki eðlilegt ástand að lítil fyrirtæki í leit að lánsfjármagni komi alls staðar að lokuðum dyrum og það er ekki lögmál að það sama gildi um ríkisrekna banka og einkarekna í því tilliti. Og það er ekki eðlilegt að einstrengislegri reglur hér á landi en í samanburðarlöndum um eiginfjárlutfall fjármálastofnana geri það að verkum að vaxtaálag á lán til fyrirtækja hækki

á sama tíma og stýrivextir Seðlabanka lækka. Með öðrum orðum: Það er hvorki eðlilegt né ásættanlegt að atvinnulífið beri kostnaðinn af því að efnahagsleg stýritæki Seðlabankans séu vængstýfð af opinberum fjármálareglum. Það er fáranlegt heimatilbúið ástand.

Í dag er staðan sú að útlánvæxtur bankanna þriggja til fyrirtækja nálgast nú núllið og illgerlegt er að nálgast fjármagn til framkvæmda, uppbyggingar eða fleytingar yfir þrengingatímabil í rekstrinum. Slík staða ýtir undir og leiðir til lengri stöðnun. Um tveir þriðju allra íslenskra fyrirtækja eru lítil og meðalstór og verða því sérstaklega illa fyrir barðinu á þessari þróun. Atvinnulífið allt er undir, ekki bara ferðaþjónustan.

Atvinnugrein sem byggir á smáfyrirtækjum og árstíðasveiflu mun alltaf vera háð aðgangi að lánsfjármagni til að jafna sveiflurnar, sama hversu stöndug greinin er í heildina. Sú uppbygging sem átt hefur sér stað í ferðaþjónustu um allt land sýnir svart á hvítu að það er samfélagslega hagkvæmt að styðja vel við þessa nýju grundvallaratvinnugrein. Það er einfaldlega góður business fyrir okkur öll.

En hvað er til ráða? Í fyrsta lagi þurfa þær stofnanir sem stýra peningamálum í landinu að lagfæra

regluverkið í þá átt að efnahagsleg stýritæki virki. Nú þegar fjármálaeftirlit og Seðlabanki eru komin undir sama húspak hlýtur það að vera augljóst viðfangsefni innanhússfunda.

Í öðru lagi verður eigandi meirihluta bankakerfisins, ríkið, að gera upp við sig hvernig það vill forgangsraða. Ríkið getur haldið áfram að innheimta arð úr bönkunum sem verður þá á áframhaldandi kostnað atvinnulífsins. Hins vegar getur ríkið ákveðið að slaka á arðgreiðslukröfunni um tíma og beint fjármagni ríkisbankanna í auknum mæli í útlán til fyrirtækja.

Það kemur því miður ekki á óvart að eigendur eins af stóru viðskiptabönkunum þremur forgangsraði arðgreiðslum umfram útlán til fyrirtækja. En það er sorglegt ef ríkið hagar sér eins án tillits til afleiðinganna.

Ef þeir sem stýra efnahagsmálum í landinu vilja á raun örva atvinnulíf, fækka atvinnulausum, fjölga tækifærum, stytta niðursveifluna og tryggja að atvinnufyrirtæki sem staðið hafa undir verðmætasköpun og fordæmalausum lífskjaraþömun undanfarið tíu ár, haldi áfram starfsemi og eðlilegri uppbyggingu, eru ofangreind skref nokkuð skýr í rétta átt.

Hinn kosturinn er ekki í boði.

Innflytjendur – drifkraftur hagvaxtar framtíðarinnar

RÁÐDEILDIN

Konráð Guðjónsson hagfræðingur Viðskiptaráðs




Undanfarið ár hefur fordæmalaus fjölgun erlendra ríkisborgara átt stóran þátt í hagvexti og auðgað íslenskt samfélag. Fólksflutningar til landsins eru í senn afleiðing af góðu efnahagsástandi og orsök hagvaxtar með auknu vinnuafli.

Tvennt er einkum athyglisvert við fjölgunina síðustu ár: 1. Hversu

mikil hún er í samhengi við hagvöxt samanborið við síðustu uppsveiflu. 2. Hversu mikil fjölgunin var árið 2019 þrátt fyrir nær engan hagvöxt, en þá fluttu 5.000 fleiri erlendir ríkisborgarar til landsins en af landi brott. Er þróun síðustu ára bara byrjunin og fjölgunin komin til að vera?

Erfitt er að fullyrða um slíkt, enda fer það til dæmis eftir atvinnu- og stjórnmálaástandi hér og erlendis. Þá er óvíst hvernig hnattræn hlýnun mun hafa áhrif á fólksflutninga. Við gætum samt verið að horfa á hraðari breytingu á íslensku samfélagi en margir kannski átta sig á

Fólksflutningar og hagvöxtur



Fólksflutningar til landsins eru í senn afleiðing af góðu efnahagsástandi og orsök hagvaxtar með auknu vinnuafli.

og ef síðustu ár hafa forspárgildi er raunhæft að íbúar landsins nálgist 500.000 fyrir 2040. Ef kröftug fjölgun erlendra ríkisborgara heldur áfram í ár, þrátt fyrir stöðnun í hagkerfinu og fækkun starfa, er það vísbending um að við stefnum þangað.

Er æskilegra að styðja við lykilatvinnuvegi eða íþyngja þeim?



Þórður Gunnarsson

sérfræðingur á sviði hrávöru-markaða og sjálfstætt starfandi

Nú þegar blikur eru á lofti í rekstrarumhverfi stóriðju á Íslandi og horfur í ferðaþjónustu hafa versnað er íslenska þjóðarbúið í kunnuglegri stöðu. Eins og oft áður mun það nú falla í skaut sjávarútvegsins að halda þjóðarskútunni á floti og viðskiptajöfnuði gagnvart útlöndum og gjaldeyrisflæði í jafnvægi.

Þegar síðasti stóri skellur dundi á íslenska hagkerfinu fyrir ríflega áratug síðan var sama staða uppi. En í stað þess að styðja við og styrkja sjávarútvegsfyrirtækin á Íslandi á tímum þar sem útflutningur og gjaldeyrisflæði skiptu öllu fyrir íslenska hagkerfið, voru skattar á útgerðina hækkaðir með álagningu veiðigjalda.

Útfærsla veiðigjaldanna hefur tekið einhverjum breytingum síðan þau voru fyrst færð í lög, en enn þá þurfa útgerðarfyrirtæki að standa skil á fleiri milljörðum króna ár hvert umfram það sem greitt er af skatti á hagnað fyrirtækja. Álagning veiðigjalda nam 6,6 milljörðum króna árið 2019 og 11,3 milljörðum 2018. Þegar þessar tölur eru lagðar á borðið eiga alltaf einhverjir það til að spyrja sig: „Af hverju borga þau ekki meira?“ og setja gjarnan upp-hæð álagðra veiðigjalda í samhengi

við rekstrarniðurstöðu útvegsfyrirtækja með starfsemi hér á landi.

Í stað þess að velta fyrir sér hvernig ríkissjóður getur kreist sem flestar krónur út úr útgerðarfyrirtækjum, væri ekki skynsamlegra að velta því upp hvernig samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs á erlendri grundu getur aukist, eða í það minnsta haldist gagnvart keppinautum?

Ísland tilheyrir hópi fremstu fiskveiðipjóða heims, bæði þegar kemur að tæknistigi og umfangi. Við skerum okkur hins hins vegar úr með því að vera eina þjóðin sem leggur sérstakar álgör á fyrirtæki sem stunda fiskveiðar. Nánast alls staðar í heiminum njóta útgerðarfyrirtæki opinberra styrkja, niðurgreiðslna eða skattaávilnana af einhverju tagi. Raunar er það svo að árið 2018 námu niðurgreiðslur opinberra aðila til sjávarútvegs víða um heim yfir 35,4 milljörðum dollara, eða tæplega 4.500 milljörðum íslenskra króna, að því er kemur fram í rannsókn sjávarútvegsstofnunar háskólans í British Columbia í Kanada sem birtist haustið 2019.

Útgerðir innan Evrópusambandsins, sem teljast meðal annarra til beinna keppinauta íslenskra útgerðarfyrirtækja, fengu um 482 milljarða í niðurgreiðslur af ýmsu tagi árið 2018, samkvæmt sömu rannsókn. Aðrir keppinautar Íslands fengu einnig fúlgur fjár í niðurgreiðslur. Niðurgreiðslur til norskra útgerða námu um 108 milljörðum króna árið 2018.

Rússneskar útgerðir höfðu 192 milljarða króna til að spila úr frá hinu opinbera þar í landi sama ár,



einna helst til að fjárfesta í skipaflota og landvinnslu. Rússland hefur lengi verið bæði mikilvægur viðskiptavinur en á sama tíma keppinautur Íslands í sjávarútvegi. Árið 2010 settu rússnesk stjórnvöld sér það markmið að í að minnsta 80% af innlendri eftirspurn eftir sjávarfangi yrði fyllt af rússneskum útgerðum. Samkvæmt umfjöllun bandaríska landbúnaðarráðuneytisins hefur það lágmark verið fært upp í 85% frá og með yfirstandandi ári.

Miklar fjárfestingar rússneskra útgerða á síðastliðnum árum fyrir atbeina hins opinbera hafa hins vegar orsakað að þetta hlutfall stendur nú í tæplega 155% og því einsýnt að markaðssetning rússneskra sjávarafurða á alþjóðlegum

vettvangi mun eflast á næstu árum, en landaður og fullunninn afli sem rússneskar útgerðir hafa úr að spila hefur aukist mikið á síðustu árum. Íslenskur útflutningur gæti því misst spón úr aski sínum, einkum vegna þess að Rússar státa af stórum þorskstofnum í fiskveiðilögsögu sinni.

Fyrirséð er að hægjast mun á gangi íslenska hagkerfisins á næstu misserum og stjórnvöld þurfa því að spyrja sig að því hvort þau vilji styðja við sjávarútveginn, þennan langlifa máttarstólpa íslensks efnahagslífs, eða halda áfram að veikja hann?

Nú heyrast raddir um að lækka ætti raforkuverð til álversins í Straumsvík til að halda því rekstrarhæfu. Líka er sagt að mikillar upp-

Árið 2018 námu niðurgreiðslur opinberra aðila til sjávarútvegs víða um heim yfir 35,4 milljörðum dollara, eða tæplega 4.500 milljörðum íslenskra króna.

byggingar hinna ýmsu innviða landsins sé þörf til að standa undir vaxandi álagi á þá, einkum vegna þeirrar aukningar sem orðið hefur vegna ferðamannastraumsins síðastliðin tíu ár. Bæði stóriðjan og ferðaþjónustan eru mikilvægar atvinnugreinar sem byggja á hagnýtingu náttúruauðlinda á Íslandi. Mörgum finnst sjálfsgagt og eðlilegt að hið opinbera styðji við þessar greinar með ýmsum hætti, enda íslenska hagkerfinu mikilvægar. Af hverju ættu að gilda önnur lögmál um sjávarútveg?

Með þessu er ekki verið að segja að hið opinbera eigi að veita íslenskum sjávarútvegi einhverja meiriháttar meðgjöf eins og tíðkast víða um heim. En í það minnsta skulum við byrja á að endurskoða eða aflétta þeirri skattbyrði sem útgerðarfyrirtæki þurfa að standa undir umfram aðrar atvinnugreinar hér á landi.

Miðað við allar þær ívilnanir sem keppinautar okkar í sjávarútvegi njóta í sínum heimalöndum, þarf ekki að spyrja að leikslokum að óbreyttu.

TM

TM HF. - AÐALFUNDUR 2020

Aðalfundur TM hf. verður haldinn fimmtudaginn 12. mars 2020 kl. 16.00 í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins.
4. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum.
5. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu fyrirtækisins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða með tölvupósti á netfangið stjorn@tm.is í síðasta lagi 2. mars næstkomandi.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð eða á eyðublaði sem aðgengilegt er á vef félagsins – www.tm.is/fjarfestar. Rafrænt umboð skal sent félaginu á netfangið stjorn@tm.is áður en fundur hefst.

Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrirfram þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 9:00 til 16:00) til og með miðvikudeginum 11. mars 2020, en fyrir lokun skrifstofunnar þann dag skal einnig skila þangað sendum atkvæðaseðlum. Nánar fer um atkvæðagreiðsluna og gildi atkvæða samkvæmt henni eftir reglum félagsins um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar, settum af stjórn félagsins 18. desember 2013.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til tilnefningarnefndar félagsins skemmt fimm dögum fyrir hluthafafundinn.

Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem tilnefningarnefnd lætur í té og unnt er að nálgast á vefsíðu félagsins (www.tm.is/fjarfestar). Í tilkynningunni

skal veita greinargóðar upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru á eyðublaðinu, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykpta félagsins. Útfyllt og undirrituð framboðstilkynning skal hafa borist tilnefningarnefnd á skrifstofu félagsins eða með tölvupósti á netfangið tilnefningarnefnd@tm.is fyrir lok framboðsfrests.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu tilnefningarnefndar gerir hún tillögu um að aðalstjórn skipi Andri Þór Guðmundsson, Einar Örn Ólafsson, Helga Kristín Auðunsdóttir, Kristín Friðgeirsdóttir og Örvar Kærnested og í varastjórn Bjarki Már Baxter og Bryndís Hrafnkelsdóttir

Dagskrá aðalfundarinnar og tillögur sem fyrir hann verða lagðar, þ. á m. rökstudd tillaga tilnefningarnefndar, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu félagsins (www.tm.is/fjarfestar). Að auki mun ársreikningur (samstæðu-reikningur) félagsins, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda liggja frammi á skrifstofu og á vef félagsins hluthöfum til sýnis hálfum mánuði fyrir fundinn.

Eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund verða birtar á vefsíðu félagsins upplýsingar um framboð til stjórnar.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst og fengið fundargögn afhent.

Stjórn TM hf.

SKOÐUN

Kristinn
Ingi Jónsson



Til mikils að vinna

Þær hræringar sem verið hafa á alþjóðlegum álmörkuðum síðustu ár og birtast í rekstrarvanda vestrænna álfyrirtækja færa okkur heim sanninn um áhættuna sem getur falist í rekstri Landsvirkjunar.

Vissulega hefur orkufyrirtækið leitað markvisst leiða til þess að draga úr þeirri áhættu, svo sem með því að minnka vægi álverðstengingar í tekjum sínum af raforkusölu, en engum dylst hve mikil áhætta getur fylgt því fyrir fyrirtækið að binda um 75 prósent af raforkusölu sinni við aðeins eina atvinnugrein og einungis þrjú álver.

Sem dæmi selur Landsvirkjun hátt í fjórðung af raforku sinni til álvers Rio Tinto í Straumsvík en eigandi álversins lét sem kunnugt er nýverið að því liggja að rekstri þess kynni að verða hætt.

Í ljósi áhættu þess rekstrar sem Landsvirkjun stundar hníga sterk rök að því að ríkið dragi úr eignarhaldi sínu á fyrirtækinu. Til mikils er að vinna.

Í fyrsta lagi gerir slík sala það að verkum að skattborgarar munu ekki lengur bera ábyrgð á skuldum Landsvirkjunar en í lok árs 2018 voru um fjórutíu prósent af skuldum fyrirtækisins með ríkisábyrgð. Þrátt fyrir að vægi slíkrar ábyrgðar minnki áfram verður að teljast ólíklegt, á meðan Landsvirkjun er enn í ríkiseigu, að fyrirtækinu verði nokkurn tímann leyft að fara á höfuðið, ef svo má að orði komast, þótt ekki sé bein ríkisábyrgð á öllum skuldum þess.

Í öðru lagi þýðir sala ríkisins að ekki er lengur hætt á að aðrir hagsmunir en þeir sem snúa að því að fyrirtækið skili viðunandi arðsemi – svo sem pólitískir hagsmunir – hafi áhrif á reksturinn. Rekstrarvandi Orkuveitu Reykjavíkur í kjölfar hrunsins er þörf áminning um hættuna sem getur falist í pólitískum áhrifum af rekstri orkufyrirtækja.

Þá væri skráning Landsvirkjunar á hlutabréfamarkað í þriðja lagi til þess fallin að blása lífi í daufan markaðinn. Stöndugur hlutabréfamarkaður ætti með réttu að endurspegla fjölbreytileika íslensks atvinnulífs og því skýtur það skökku við að ekkert fyrirtæki í mikilvægri auðlindagrein eins og orkugeiranum sé þar skráð.

Þá er ótalið hve góður fjárfestingarkostur Landsvirkjun, sem sterkt orkufyrirtæki með erlent sjóðstreymi og 280 milljarða króna í eigið fé, væri fyrir stofnanafjórfa á borð við lífeyrissjóði.

Enn fremur þekkist það víða í Evrópu, meira að segja á Íslandi, að orkufyrirtæki séu að hluta eða fullu í einkaeigu og má í því sambandi meðal annars nefna SSE í Skotlandi, EDF í Frakklandi, Enel á Ítalíu og E.ON í Þýskalandi. Það er engin nýbreytni fölgín í slíku eignarhaldi, heldur þvert á móti.

Hörður frá SA til Íslandsstofu

Hörður Vilberg, sem hefur verið yfirmaður samskiptamála hjá Samtökum atvinnulífsins (SA) um langt skeið, mun láta af störfum hjá samtökunum á næstu vikum og færa sig þá um set yfir til Íslandsstofu.

Hörður staðfestir það í samtali við Markaðinn en hann mun þar taka við stöðu verkefnastjóra á markaðssviði. Íslandsstofa er samstarfsvettvangur



Hörður Vilberg.


atvinnulífsins og stjórnvalda sem hefur það hlutverk að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar.

Hörður, sem hóf fyrst störf hjá Samtökum atvinnulífsins í ársbyrjun 2005, er með BA-gráðu í sagnfræði og heim-speki frá Háskóla Íslands. Áður en hann fór til SA starfaði Hörður um nokkurra ára skeið sem blaðamaður á Viðskipta- blaðinu. – hae

13.02.2020

Samkeppniseftirlitið á ekki að stjórna íslensku viðskiptalífi. Það á að vera með vakandi auga og fylgja sanngjörnu eftirliti en ekki vera sá sem stýrir þróun á markaði.

Katrín Olga Jóhannesdóttir, fyrrverandi formaður Viðskiptaráðs



Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf



PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar

